

## 80 tonna framleiðsluaukning á laxaseiðum í eldisstöð Laxa fiskeldis ehf. á Bakka, Sveitarfélaginu Ölfusi

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 12. apríl 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Löxum fiskeldi ehf. um fyrirhugaða 80 tonna framleiðsluaukningu á laxaseiðum í eldisstöð fyrirtækisins á Bakka, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11, 10.25 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Framleiðsla á allt að 100 tonnum af Laxaseiðum á Bakka, Sveitarfélaginu Ölfusi. Fyrirspurn um matsskyldu. Laxar Fiskeldi ehf., apríl, 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 18. ágúst 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 15. maí 2018 og 29. Janúar 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 15. maí 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 8. maí 2018.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 13. júní 2018.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 11. maí 2018 og 21. Janúar 2019.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 4. maí 2018.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 24. apríl 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. maí 2018, 3.,23 janúar 2019

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð er framleiðsluaukning, úr 20 tonnum í allt að 100 tonn, á laxaseiðum í eldisstöð Laxa fiskeldis ehf. á Bakka 1 í Ölfusi. Í stöðinni er heimilt að framleiða allt að 20 tonn af laxi og bleikju á ári. Áætlað er að hrognum verði klakið út á Bakka og seiði alin upp í allt að 80 g þyngd en þá verði þau flutt í eldisstöð fyrirtækisins á Þorlákshöfn til áframhaldandi eldis áður en þau eru flutt í sjókvíar fyrirtækisins á Austfjörðum. Lífmassi í stöðinni verði að hámarki 100 tonn hverju sinni.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að á Bakka standi nú eldisstöð sem hafi verið reist árið 1986. Sú bygging samanstandi af fiskeldishúsi og blöndunarskúr, samanlagt 486 m<sup>2</sup>. Fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu felist í byggingu stálgrindarhúss sem muni rísa þar sem fyrir séu útiker, þá verði loftarahús stækkað og útikerum fjölgað um 2. Eldisrými stöðvarinnar í dag sé 1150 m<sup>2</sup> og eftir stækkun verði eldisrými stöðvarinnar 2050 m<sup>2</sup>, áætluð stækkun sé um 900 m<sup>2</sup>.



Fram kemur að fyrir séu á svæðinu þrjár aðrar seiðastöðvar, stöð Laxa að Fiskalóni og stöðvar Samherja að Öxnalæk og á Núpum 3. Frárennsli stöðvanna séu aðskilin án þess að samlegðar gæti. Stöðin við Öxnalæk (leyfi til 100 tonna framleiðslu ári) sé í um 6 km fjarlægð, stöðin á Núpum (leyfi til framleiðslu á 100 tonnum af laxaseiðum og 50 tonnum af bleikjuseiðum á ári) sé í um 4 km fjarlægð og stöðin við Fiskalón (leyfi fyrir 20 tonna ársframleiðslu en til standi að auka það leyfi í 100 tonn) sé í um 1 km fjarlægð.

Heildarvatnspörf eftir framleiðsluaukninguna er 167 l/s af ferskvatni ásamt 3 l/s af 110°C heitu vatni. Miðað er við að endurnýta og súrefnisbæta eldisvatn til að draga úr vatnsnotkun. Á svæðinu í dag er aðgengi að 120 l/s af 5°C heitu vatni og gert er ráð fyrir því að bæta við 1-2 kaldavatsborholum sem gefi hvor um sig 50-60 l/s. Vatn til upphitunar verður keypt af Orkuveitunni.

Fram kemur að hrogn verði keypt af Stofnfiski hf. og að öll seiði muni verða bólusett og aðeins verði notast við hrogn sem hafi verið vottuð af dýralækni.

Fram kemur að fóður verði keypt frá Laxá, í áætluðum sé gert ráð fyrir fóðurstuðlinum 1,3 á hvert framleitt kíló. Dauðfiski muni vera safnað og hann urðaður á löggiltum urðunarstað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Frárennsli frá stöðinni verði veitt í framræsluskurð sem endi í Ölfusá. Frárennslinu verði beint í gegnum tromlusíu sem síi agnir úr eldisvatninu. Síurnar séu fingerðar, 100-200 µm. Áætlað sé að síurnar taki um 90% af uppleystum ögnum úr frárennsli. Seyru úr tromlusíunni verði fargað á viðurkenndum förgunarstað og klóaki veitt í rotþró í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Fram kemur að það verði vöktun á eldisvatni, umhverfi og viðtaka stöðvarinnar í samræmi við starfsleyfisráðgjafi Umhverfisstofnunar. Til viðbótar verði fylgst með fóðrun, fóðurstýringu, súrefnisnotkun, vatnsnotkun og losun á frárennsli, dælum, síun og loftun með tölvukerfi stöðvarinnar.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Áhrif vegna frárennslis

Fram kemur að fóðurnotkun sé áætluð um 130 tonn miðað við 100 tonn af laxaseiðum. Af því sé magn köfnunarefnis um 9,1 tonn og magn fosfórs sé um 1,3 tonn. Af því eigi 5,8 tonn af köfnunarefni og 0,8 tonn af fosfór eftir að berast með eldisvatni. Frárennslið frá stöðinni fari svo í gegnum tromlusíu sem hreinsi vatnið af ögnum og seyra sé þannig skilin frá vatninu. Seyru verði svo fargað á viðurkenndum urðunarstað. Áhrif vegna fóðurnotkunar á rekstartíma verði því óveruleg og að áhrif verði með öllu afturkræf verði rekstri hætt. Kemur fram að fylgst verði með ástandi viðtakanda með mælingum í samræmi við tilmæli Umhverfisstofnunar. Að mati Laxa fiskeldis séu engin samlegðaráhrif við aðra starfsemi í nágrenninu.

Umhverfisstofnun bendir á að í umsókn um nýtt starfsleyfi beri rekstraraðila að gera nánari grein fyrir förgun úrgangs frá eldinu og þeim leiðum sem farnar verði til að lágmarka mengun frá starfseminni. Einnig minnir umhverfisstofnun á að öll fráveita skuli vera samkvæmt reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp.

Fram kemur í svari framkvæmdaraðila að förgunarsamningur muni liggja fyrir áður en sótt verði um leyfi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé betur um síun frárennslis, áhrifa þess á viðtakandann og vöktun með tilliti til samlegðaráhrifa við aðra starfsemi á svæðinu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að ekki sé fjallað sérstaklega um Varmá/Þorleifslæk og þau áhrif sem aukið eldi



geti haft á þann viðtaka. Umhverfisstofnun telur að sýna þurfi fram á hver áhrifin á viðtaka verði með dreifingarlíkönnum eða umfjöllun um áhrif á lífríki Varmár/Þorleifslækjar, ekki aðeins Ölfusá.

Umhverfisstofnun bendir á að þrjár aðrar seiðastöðvar séu í nágrenni við eldisstöðina á Bakka og að samanlagt sé 290 tonna eldi á svæðinu og með fyrirhugaðri aukningu verði það 370 tonn. Bent er á að í skýrslu sé sagt að samlegðaráhrif við þessa starfsemi séu engin en Umhverfisstofnun telur að það vanti umfjöllun um frárennsli hinna stöðvanna og hvort að fráveitan frá þeim sameinist í Varmá/Þorleifslæk áður en hún rennur út í Ölfusá. Telur Umhverfisstofnun því að umfjöllun um samlegðaráhrif sé ekki fullnægjandi í greinargerð. Fjalla þurfi nánar um allt frárennsli í Ölfusá frá nálægum iðnaði á svæðinu og möguleg áhrif þess á vatnshlot, sérstaklega ef það sameinast í fremur vatnslítilli á líkt og Varmá/Þorleifslæk. Bent er á stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði á Íslandi frá 2013 þar sem Ölfusá er sett í óvissuflokk og Varmá sögð vera undir nokkru staðbundnu álagi m.a. frá fiskeldi og staðbundinni saurgerlamengun í grennd við skólþúrás.

Hafrannsóknastofnun bendir á að í greinargerð sé ekki gert grein fyrir því aukna álagi sem viðtakinn verður fyrir né hvert núverandi ástand viðtakans sé og hvort hann þoli aukna losun næringarefna. Bent er á að í stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar hafi Varmá fengið nokkuð háa einkunn eða 3, einkunnina 3,5 þar sem vatnshlot sé talið í hættu. Möguleiki sé á að fyrirhuguð aukning á losun næringarefna frá þessari framkvæmd gæti orðið til þess að Varmá færi í hættuflokk.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila við umsögnum Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknastofnunar kemur fram að Þorleifslækur sé ekki fyrsti viðtaki frárennslis heldur fari frárennslið fyrst um skurð við eldisstöðina og þar eftir í gegnum skurðakerfi mýrlendis áður en það rennur í ós Þorleifslækjar og Ölfusár. Mýrin sé því viðtakasvæði frárennslisins. Fram kemur að framleiðsla og þar af leiðandi upptaka næringarefna í mýrinni sé mikil. Framkvæmdaraðili tekur fram að upp verði sett tromlusía sem allt frárennsli muni renna í gegnum og því muni magn uppleystra næringarefna og gruggs minnka umtalsvert. Áætlað er að með þessu fyrirkomulagi muni magn næringarefna sem fari frá stöðinni um það bil tvöfaldast þó að áætlað sé að fimmfalda framleiðslu í stöðinni.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þrjár aðrar seiðaeldisstöðvar séu í nágrenninu. Frárennslið frá einni stöð renni beint í Varmá en frárennslið frá hinum tveimur sé einnig veitt um mýrina. Einnig kemur fram að í einni stöðinni sé tromlusía, líkt og áætluð sé á Bakka, sem hreinsi frárennslið áður en því sé veitt út. Af þessum völdum séu samlegðaráhrif eldisstöðvanna hverfandi.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ef stækkunarform eldisfyrirtækja á svæðinu gangi eftir verði samanlagt leyfi til framleiðslu 520 tonn/ár. Allt frárennsli frá eldisstöðvum sé í nærliggjandi skurði eða Varmá. Samanlagt gætu því stöðvarnar verið að losa um 3,64 tonn á ári af fosfóri sem dreifðist með skurðakerfi mýrarinnar eða í Varmá. Með fyrirhugaðri hreinsun væri þó losunarviðmið frá fyrirhugaðri eldisstöð undir settum mörkum. Þetta segi þó ekki neitt um hæfni viðtaka til að standast aukið álag. Fram kemur í umsögninni að mýrin geti ekki talist upptökusvæði fyrir næringarefni þar sem frárennsli fari einungis um skurðakerfi í mýrinni en ekki um mýrina sjálfa. Ekki sé hægt að leggja það að jöfnu við upptöku votlendis. Þar með sé, að mati Umhverfisstofnunar, Þorleifslækur álitinn vera viðtaki og skurðirnir teljist til vatnasvæðis hans.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar segir einnig að Laxar hafi, með lýsingu á flæði frárennslis, sýnt fram á að eðlilegasta leið frárennslis frá seiðaeldinu sameinist ekki Þorleifslæk fyrr en nálægt ós Ölfusár og því verði áhrif á vatnsfallið lítil og að áhrif verði engin á Varmá sem er skilgreind ofar á vatnasvæðinu. Telur Umhverfisstofnun að vert sé að athuga hver áhrif á Ölfusforir verði, með tilliti til fuglalífs, vegna frárennslis seiðaeldisins og hvort það kunni að hafa áhrif á fugla á valista. Annars telur Umhverfisstofnun að með viðbótarupplýsingum sé gert vel grein fyrir áhrifum frá framkvæmdinni og að ekki sé nauðsynlegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að það geti verið mikilvægt fyrir framkvæmdaðila að staða og ástand viðtaka sé þekkt fyrir framkvæmdir. Ef vatnshlot nái ekki góðu



líffræðilegu ástandi þá beri að gera ráðstafanir til að upphefja þau. Það geti verið kostnaðarsamar framkvæmdir fyrir starfsemi á viðkomandi svæði.

Í svari framkvæmdaraðila við frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar er ítrekað það sem komi fram í viðbótargreinagerð Laxa að affallsvatn renni um langan veg áður en það fari í ós Þorleifslækjar og þaðan í ós Ölfusár og gera megi ráð fyrir mikilli upptöku næringarefna á þeirri leið. Einnig að ef litið sé til eðlilegustu leiðar affallsvatnsins þá verði áhrif á lífríki áður nefndra vatnsfalla hverfandi vegna þess hversu nálægt ósum þeirra eldisvatnið sameinist þeim. Þá segir áætlað sé að mælingar á viðtaka vegna núverandi starfsleyfis verði framkvæmdar fljótlega og svo með reglulegu millibili þaðan í frá. Niðurstöður verði sendar Umhverfisstofnun og þannig fáiast góð mynd af þróun ástands viðtaka og áhrifum framleiðslu á ástand hans.

### **Áhrif á villta fiskistofna**

Fram kemur að um sé að ræða eldi í kerum á landi og ólíklegt sé að fiskur sleppi úr eldisstöðinni. Ristar séu á öllum yfirföllum auk þess sem frárennsli verði beint í gegnum rist og tromlusíu sem eykur enn á sleppivarnir stöðvarinnar. Til viðbótar sé viðbragðsáætlun við slysasleppingum í gildi og að hún verði uppfærð eftir þörfum.

Hafrannsóknastofnun bendir á að í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá 2017 hafi frárennismál núverandi starfsemi ekki verið samkvæmt gildandi starfsleyfi og ekki liggi fyrir hvort möguleiki sé, eða hafi verið, fyrir fiska að sleppa framhjá hreinsibúnaði. Hafrannsóknastofnun leggi því til að auk reglubundins eftirlits með starfsemi fiskeldisstöðva verði fylgst með og sýni tekin reglulega af fiskum í frárennisskurði þar sem metin verði stofngerð og uppruni þeirra laxfiska sem þar kunna að veiðast.

Matvælastofnun telur að í tilkynningunni sé gert ágætlega grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar en biður um nánari upplýsingar um hvort að skurðurinn sem tekur við frárennsli stöðvarinnar sé fiskheldur að ofanverðu.

Í svari framkvæmdaraðila við fyrirspurn Matvælastofnunar kemur fram að enginn lækur liggi fyrir ofan stöðina svo ef fiskur skyldi sleppa þá verði hann fastur vegna ristar neðar í skurðinum.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að með tilkomu tromlusíu í framræsluskurði sem bætist þá við rist sem koma á í veg fyrir að seiði geti sloppið muni líkur á slysasleppingum vera hverfandi.

Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að vöktun á viðtaka sé mikilvæg svo hægt sé að meta virkni sleppivarna líkt og ristar og tromlusíu. Einnig sé mikilvægt að grunnástand sé þekkt. Bendir Hafrannsóknastofnun á að erfðablöndun laxfiska sé ekki afturkræf.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að tekið sé undir það að mikilvægt sé að vakta viðtaka að vöktun verði sinnt í samræmi við starfsleyfisskýrði og tilmæli Umhverfisstofnunar. Einnig er tekið fram að mælingar vegna núverandi starfsleyfis á Bakka verði framkvæmdar fljótlega og í framhaldi af því með reglulegu millibili. Niðurstöður verði sendar Umhverfisstofnun.

### **Grunnvatn**

Fram kemur í upplýsingum frá framkvæmdaraðila að fyrir 20 tonna eldi sé áætluð vatnsnotkun uppá rúmlega 33 l/s. Einnig kemur fram í þeim upplýsingum að núverandi vatnstaka sé 83 l/s og að framleiðsla í eldisstöðinni sé heldur meiri en getið er um í starfsleyfi. Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar er skráð frávik haustið 2018 þar sem framleiðsla í stöðinni sé 60-80 tonn. Eftir aukninguna verður áætluð vatnspörf fyrir 100 tonna eldi 167 l/s af ferskvatni og 3 l/s af vatni til upphitunar sem fengið verður frá Orkuveitunni. Á lóð er aðgengi að 120 l/s af ferskvatni úr tveimur borholum og gert er ráð fyrir að bora þurfi tvær holur í viðbót sem hvor um sig gæfi 50-60 l/s af ferskvatni. Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að auka eigi vatnstöku um 47 l/s og það sé leyfisskyld samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022. Skipulagsstofnun telur að umfang framkvæmdarinnar sé þess eðlis að ráðast þurfi í gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfusi samkvæmt 13 gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf byggingarleyfi sveitarfélagsins Ölfusi samkvæmt lögum um mannvirki og byggingareglugerð. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig þarf rekstrarleyfi frá Matvælastofnun í samræmi við lög um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Þá þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar til vatnstöku samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aukningu á framleiðslu á laxaseiðum á Bakka í Ölfusi úr 20 tonnum í allt að 100 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.11, 10.25 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með hliðsjón af eðli framkvæmdar og framlögðum gögnum telur Skipulagsstofnun að við mat á því hvort fyrirhuguð framleiðsluaukning hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif beri fyrst og fremst að horfa til mögulegra áhrifa framkvæmdar á þrjá umhverfisþætti. Það er áhrif frárennslis á lífríki í vatni, áhrif mögulegra slyssasleppinga á villta laxa og áhrif vatnsvinnslu á grunnvatn.

Fyrir liggur að við framleiðsluaukninguna muni magn næringarefna í eldisvatni aukast en með því að koma fyrir tromlusíu á frárennslis mun draga úr magni næringarefna í föstu formi sem berast frá stöðinni miðað við núverandi aðstæður. Fyrir liggur þó að magn uppleystra næringarefna í frárennslis muni aukast við framleiðsluaukninguna en í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áætluð losun næringarefna verði undir þeim mörkum sem almennt er miðað við varðandi losun í ferskvatn.

Frárennslis frá stöðinni mun renna um skurðakerfi á vatnasviði Þorleifslækjar og gera má ráð fyrir að frárennslis muni að einhverju leyti dreifast um fleiri skurði áður en það endar í Þorleifslæk. Vatnsrennslis í skurðum hverju sinni muni hafa áhrif á leið frárennslis í viðtaka en gera má ráð fyrir að frárennslis muni að mestu fara um stærsta og vatnsmesta skurðinn sem rennur í Þorleifslæk þar sem hann mætir Ölfusá. Því er líklegt að áhrif frárennslis frá Bakka á Þorleifslæk verði takmörkuð og að mikil þynning taki við í Ölfusá.

Hvað samlegðaráhrif vegna frárennslis með annarri starfsemi á svæðinu varðar er ljóst að fyrirhuguð heildarlosun í viðtakann Varmá/Þorleifslæk verður talsverð. Fiskeldisstöðin við Öxnalæk losar frárennslis beint í Varmá í talsverðri fjarlægð frá þeim stöðum þar sem frárennslis frá Bakka rennur í Varmá/Þorleifslæk en gera má ráð fyrir þynningu á milli þeirra losunarstaða. Frárennslis frá fiskeldi á Núpum og Fiskilóni er beint í skurðakerfi Ölfusfora og þaðan í viðtakann Varmá/Þorleifslæk. Líklegt er að frárennslis frá Fiskilóni renni um sömu skurði og frárennslis frá Bakka. Þó svo frárennslis frá Bakka sé líklegt til að renna að mestu í neðsta hluta Þorleifslækjar þar sem hann mætir Ölfusá er ekki hægt að útiloka að einhver hluti þess rati í skurði sem liggja að Þorleifslæk ofar.



Í stöðinni verður alinn kynbættur eldislax af norskum uppruna. Sleppi fiskur úr stöðinni er möguleiki á erfðablöndun við villta laxastofna. Fram kemur að ristar verði í yfirfalli á öllum kerum ásamt því að frárennsli fari í gegnum rist og tromlusíu. Með hliðsjón af sleppivörnum stöðvarinnar telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fiskur sleppi frá stöðinni.

Áætlað er að við eldi á 100 tonnum á ári þurfi 167 l/s en um er að ræða aukningu upp á 84 l/s ef miðað er við þá vatnstöku sem nú er á Bakka. Sterkir grunnvatnsstraumar eru í Ölfusi en þar rennur svokallaður Ölfusstraumur sem er einn af fimm megingrunnvatnsstraumum sem renna frá Hellisheiðarsvæðinu. Eldisstöðin er fjarri vatnsbólum Þorlákshafnar og utan vatnsverndarsvæða. Með tilliti til grunnvatnsstöðu í Ölfusi og að Orkustofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða vatnstöku telur Skipulagsstofnun líklegt að fyrirhuguð framleiðsluaukning komi til með að hafa óveruleg áhrif á grunnvatn.

### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða alþjóðlegra viðmiða og álagspols náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Frárennsli frá stöðinni rennur um skurðakerfi Ölfusfora og í viðtakann Varmá/Þorleifslæk sem eru innan svæðis á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins felst aðallega í fjölskrúðugu fuglalífi í Ölfusforum. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að ólíklegt sé að aukin losun næringarefna frá stöðinni komi til með að draga úr verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að vert sé, með tilliti til aukinnar heildarlosunar á svæðinu frá Bakka og öðrum seiðaeldisstöðvum, að athuga áhrif aukins frárennslis næringarefna á fuglalíf svæðisins. og hafi stofnunin heimild til að krefja rekstraraðila um slíka vöktun. Skipulagsstofnun telur að þó svo framleiðsluaukning á Bakka sé ólíkleg til að hafa mikil áhrif á fuglalíf ein og sér, þá geti verið ástæða til að vakta fuglalíf á svæðinu vegna verndargildis svæðisins og áforma um aukna heildarlosun næringarefna í frárennsli.

Í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands frá árinu 2013 kemur fram að Varmá/Þorleifslækur sé ekki í hættu vegna mengandi starfsemi. Þó er talið að staðbundið álag á ánni sé nokkurt, m.a. vegna fiskeldis í Ölfusi. Verði fyrirhuguð áform fiskeldisstöðva í Ölfusi að veruleika má gera ráð fyrir að staðbundið álag aukist. Skipulagsstofnun telur að hægt verði að koma í veg fyrir að gengið verði of nærri álagspoli náttúrunnar með virkri vöktun á viðtaka, þ.e. Varmá/Þorleifslæk og mótvægisáðgerðum sem geta falist í frekari hreinsun eða minni framleiðslu komi til þess að Umhverfisstofnun ákveði að endurskoða starfsleyfi í ljósi niðurstaða vöktunar.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á Varmá/Þorleifslæk og sér í lagi með tilliti til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem losar frárennsli í ána. Óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar heildarlosunar á svæðinu en Skipulagsstofnun telur að með virkri vöktun árinna og mögulegum mótvægisáðgerðum, sem geta falist í endurskoðun starfsleyfa, séu litlar líkur á að gengið verði of nærri álagspoli náttúrunnar.

Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að áður en starfsleyfi verði veitt þurfi niðurstöður úr vöktun vegna núverandi starfsleyfis að liggja fyrir. Jafnframt tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun varðandi



það að tækni til að hreinsa frárennsli sem uppfyllir kröfur starfsleyfis eigi að vera til staðar við leyfisveitingu.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. mars 2019.

Reykjavík, 20. febrúar 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson